

14. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA

Fjórtándi fundur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn fimmtudaginn 15. nóvember 2012 kl. 08:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) .

Frá FMS: Af hálfu Ferðamálastofu sat fundinn Sveinn Rúnar Traustason.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt**2. Önnur yfirferð umsókna**

Farið var yfir fyrri hluta umsókna á lista sem Albínu tók saman yfir þær umsóknir sem fengu 28 stig eða meira í gæðamati Sveins. Eftir er að greina kostnað. Það kom fram í máli Sveins að hann er búinn að hafa samband við fjölda umsækjenda og óska frekari upplýsinga sem vantaði í umsóknir þeirra og jafnframt óskað eftir því við nokkra styrkþega, sem sendu inn sambærilegar umsóknir, að þeir sameini umsóknir sínar.

Ákveðið var að óska eftir fundi með Svf. Hornafirði vegna Jökulsárlóns ofl. umsókna og frekari upplýsingum um umsóknir vegna Hveravalla. Þá er vilji stjórnar, frá síðasta fundi, að óska eftir fundi með forsvarsmönnum Kötlu Jarðvangs.

Annað:

Næsti fundur verður þriðjudaginn 20. Nóvember 2012

Fundi slitið 10:00

Reykjavík 12. nóvember. 2012/Sveinn Rúnar.